

✉ FW: Starfsgreinasambandið og Efling vísa kjaradeilu sinni við Samband íslenskra sveitarfélaga til Ríkissáttasemjara

Búið til	28.5.2019 17:24:36
Höfundur	Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir
Mótttekið dags.	28.5.2019 12:40:41
Tilheyrir	📧 2019052011 - Kjaradeila Starfsgreinasambands Íslands og Eflinga r við Samband íslenskra sveitarfélaga

Efni

FW: Starfsgreinasambandið og Efling vísa kjaradeilu sinni við Samband íslenskra sveitarfélaga til Ríkissáttasemjara

Upplýsingar

Vinnsla

Mótttekið dags.	28.5.2019 12:40:41	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	03.06.02 Kjarasamningar og laun ataxtar		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Reykjanesbær RNB (reykjanesbaer@reykjanesbaer.is)
Til	skjaladeild@reykjanesbaer.is

Innihald

**From:** Flosi Eiríksson <flosi@sgs.is>  
**Sent:** þriðjudagur, 28. maí 2019 11:01  
**To:** Flosi Eiríksson <flosi@sgs.is>  
**Cc:** Ámi Steinar Stefánsson <ami@sgs.is>; Eining - Bjöm Snæbjörnsson <bjom@ein.is>  
**Subject:** Starfsgreinasambandið og Efling vísa kjaradeilu sinni við Samband íslenskra sveitarfélaga til Ríkissáttasemjara

Góðan daginn

Vinsamlegast sendið þessar upplýsingar áfram á kjöma sveitarstjórnarfulltrúa

Starfsgreinasamband Íslands og Efling – Stéttarfélag vísuðu kjaradeilu sinni við Samband íslenskra sveitarfélaga til embættis ríkissáttasemjara í morgun. Í meðfylgjandi fréttatilkynningu kemur fram með skýrum hætti hvaða ástæður leiða til þessarar ákvörðunar. Með þessu bréfi viljum við undirstrika þá alvarlegu stöðu sem kjaradeilan er komin í og hvetja sveitarstjórnarmenn til þess að taka málið upp á sínum vettvangi. Það er líka hægt að hafa samband við einstaka formenn félaganna eða forystu SGS til að fá frekari upplýsingar.

Félög innan Starfsgreinasambandsins sem þetta á við eru; AFL Starfsgreinafélag, Aldan stéttarfélag, Bárán stéttarfélag, Drifandi stéttarfélag, Eining-löja, Framsýn stéttarfélag, Stéttarfélag Vesturlands, Stéttarfélagið Samstaða, Verkalýðsfélag Snæfellinga, Verkalýðsfélag Suðurlands, Verkalýðsfélag Vestfirðinga, Verkalýðsfélag Þórshafnar, Verkalýðsfélagið Hlíf, Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur, Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis og Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis og Verkalýðsfélag Grindavíkur.

**Starfsgreinasamband Íslands og Efling vísa kjaradeilu við Samband Íslenskra sveitarfélaga til Ríkissáttasemjara**

Víðræður Starfsgreinasambandsins og Eflingar – stéttarfélags við Samband íslenskra sveitarfélaga um nýjan kjarasamning hafa staðið yfir undanfarnar vikur og hafa aðilar átt 5 formlega fundi. Fyrir utan kröfugerð aðila um eðlilegar kjarabætur í samræmi við samninga á almenna markaðnum og önnur mál, hafa verkalýðsfélögin krafist þess að Samband sveitarfélaganna efni samkomulag um jöfnun lífeyrisréttinda fyrir starfsfólk sveitarfélaga innan aðildarféлага ASÍ. Um þessa eðlilegu jöfnun hefur nú þegar verið samið við Reykjavíkurborg og ríkið fyrir hönd þessa hóps.

Það kom því mjög á óvart þegar fulltrúar sveitarfélaganna neituðu með öllu að ræða þessa eðlilegu jöfnun þrátt fyrir fyrri fyrirheit þar að lútan di í tengslum við kjarasamninga 2015 og vilja ekki kannast við fyrri samþykktir. Í síðustu kjarasamningum voru sérstaklega tekin frá 1,5% til að jafna lífeyrisréttindin. Það er ótrúlegt að sveitarfélagin telji það eðlilegt að félagsmenn okkar búi við lökustu lífeyriskjörin í landinu.

Starfsgreinasambandið og Efling eiga engan annan kost eftir þessa þvermóðskufullu afstöðu Sambandsins en að vísa deilunni til Ríkissáttasemjara. Af hálfu SGS og Eflingar kemur ekki til greina að halda víðræðum áfram nema að lífeyrisréttindi starfsfólks sveitarfélaganna inn

an ASÍ verði jöfnuð í samræmi við fyrri loforð.

Nánari upplýsingar:

Björn Snæbjörnsson, formaður SGS, 894-0729

Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, 695-5345

Flosi Eiríksson, framkvæmdastjóri

Starfsgreinasamband Íslands

Guðrúnartúni 1 - 105 Reykjavík

Sími: 535 5672

GSM: 897 8888

[flosi@sgs.is](mailto:flosi@sgs.is) | [www.sgs.is](http://www.sgs.is)



## Viðhengi

Picture (Device Independent Bitmap) 1.jpg (1 KB)